



GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Akureyrarbæ

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar leggur á sérstakt sorphirðugjald, gjald fyrir móttöku á gjaldskyldu flokkuðu sorpi, og gjald fyrir móttöku á gleri, múrbroti og malbiksbroti.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru í fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir.

Sorphirðugjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva.

3. gr.

Sorphirðugjaldið greiðist með fasteignagjaldi og eru gjalddagar þess hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Sorphirðugjald á íbúð er 40.995 kr.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Innifalin í sorphirðugjaldi er móttaka á gjaldfrjálstu flokkuðu sorpi til eyðingar og endurvinnslu, á endurvinnslustöð gámasvæðisins að Réttarhvammi.

Innifalin í sorphirðugjaldi er móttaka á gjaldskyldu flokkuðu sorpi til eyðingar og endurvinnslu, á endurvinnslustöð gámasvæðis að Réttarhvammi, gegn framvísun 16 skipta klippikorts, sem fæst árlega. Hvert klipp gildir fyrir 0,25 m³ sem samsvarar 240 l heimilistunnu. Aukakort kostar kr. 8.500.

Sérstakt gjald er lagt á móttöku á malbiksbroti, og móttöku á múr- og glerbroti, ef það er umfram eðlilega heimilislosun, sbr. 5. gr.

5. gr.

Fyrir móttöku á malbiksbroti á Malbikunarstöð Akureyrar, skal greiða 6 kr./kg vegna kostnaðar við endurvinnslu og geymslu.

Fyrir móttöku á múr- og glerbroti, sem er umfram eðlilega heimilislosun, að Sjafnarnesi 2-4, Akureyri, skal greiða 6 kr./kg. vegna kostnaðar við endurvinnslu og geymslu



Gjaldskrá að Jaðri miðast við losun fyrir einn mánuð í senn og er tímabilið 1.-31. hvers mánaðar.

Lágmarkslosunargjald fyrir hvern mánuð er kr. 5.000.

Ef 2-10 m³ eru losaðir innan mánaðar greiðast 2.000 kr. fyrir hvern losaðan m³, lágmarksgjald er þó alltaf 5.000 kr.

Sé losun meiri en 10 m³ innan mánaðar greiðist 250 kr. fyrir hvern losaðan m³, lágmarksgjald er þó alltaf 5.000 kr.

6. gr.

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Akureyrar-kaupstað nr. 670/2011, 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

8. gr.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Gjaldskráin er samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar-kaupstaðar 17. desember 2019. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 15/2019.

Akureyri, 4. janúar 2021

F.h. bæjarstjórnar,

Inga Þöll Þórgnýsdóttir
bæjarlögmaður